

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Hlutverk og verkefni fagráðsins	2
Tillögur fagráðsins og næstu skref	3
1. Skýr stefnumörkun og markviss eftirfylgd með árangri í læsi	5
2. Öflugur stuðningur, ráðgjöf, símenntun og starfsþróun leik- og grunnskólakennara	7
3. Áhersla á snemmtæka íhlutun	9
4. Samstarf skólastiga	12
5. Markviss lestrarkennsla í öllum árgöngum grunnskólans	13
Heimildarskrá	15
Viðauki 1: Erindisbréf fyrir fagráðið	16
Viðauki 2: Samantekt um vinnu fagráðsins	17
Viðauki 3: Samantekt úr svörum við spurningum til sérfræðiþjónustu skóla á þjónustumiðstöðum borgarinnar. 21	
Viðauki 4: Börn með annað móðurmál en íslensku	25

Inngangur

Fagráð um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings meðal barna og ungmenna í skólum Reykjavíkurborgar var skipað skv. erindisbréfi um í byrjun september 2014.

Í hópnum voru:

Freyja Birgisdóttir, dósent við Menntavísindasvið HÍ sem var formaður hópsins

Fríða B. Jónsdóttir, verkefnastjóri fjölmenningar á fagskrifstofu SFS

Dröfn Rafnsdóttir, kennsluráðgjafi í Reykjanesbæ og síðar á Þjónustumiðstöð Breiðholts

Guðrún E. Bentsdóttir, verkefnastjóri á fagskrifstofu SFS.

Hlutverk og verkefni fagráðsins

Hlutverk fagráðsins skv. erindisbréfi var að móta tillögur um hvernig megi efla lestrarfærni og lesskilning meðal reykvískra grunnskólanemenda, málþroska, hljóðkerfisvitund og læsi barna í leikskólum borgarinnar og hvernig bæta megi upplýsingagjöf og samstarf um málþroska og læsi á mörkum skólastiganna tveggja.

Starfshópnum voru falin eftirfarandi verkefni:

- Benda á árangursríkar aðferðir í eflingu málþroska og læsis sem studdar eru fræðilegum rökum.
- Endurskoða fyrirkomulag varðandi málþroska- og lesskimanir í skólum borgarinnar og leggja fram tillögur til úrbóta.
- Leggja áherslu á aðgerðir til að styðja við bakið á þeim nemendum sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda í málþroska og lestrarnámi.

Megin markmið fagráðsins var að setja fram tillögur og aðgerðir sem miða að því að bæta málþroska og læsi allra leik- og grunnskólabarna, byggt á gagnreyndri nálgun, víðtæku samráði og því sem vel væri gert í leik- og grunnskólum Reykjavíkur, sem og annarra sveitarfélaga. Rík áhersla var lögð á að móta tillögur sem tryggja að sem flest börn hefji grunnskólagöngu sína með traustan grunn í undirstöðupáttum læsis og jafna þannig tækifæri þeirra til náms og í lífinu öllu, að þau hljóti markvissa kennslu og þjálfun á sviði læsis í öllum árgöngum og sýni stöðugar framfarir út allan grunnskólann.

Fagráðið fundaði samtals sautján sinnum á tímabilinu 15. sept. 2014 til 17. feb. 2015.

Hópurinn safnaði saman ýmsum skýrslum úr þróunarverkefnum, íslenskum og erlendum greinum um raunprófaðar aðferðir til að efla mál og læsi barna og ungmenna og kynnti sér efni þeirra. Ráðið kynnti sér læsisverkefni í Reykjanesbæ, Hafnarfirði og Árborg, en þessi sveitarfélög hafa öll endurskoðað verklag og vinnuaðferðir við að efla málþroska og læsi. Ráðið kynnti sér einnig nokkur þróunarverkefni sem unnið hefur verið að í leik- og grunnskólum borgarinnar s.s. *Okkar mál og 1, 2 og Fellaskóli* í Fellahverfi og aðferðir sem hafa skilað góðum árangri í lestrarkennslu. Jafnframt fékk ráðið kynningu á stuðningskerfinu *Leið til læsis* og niðurstöðum greiningar Almars M. Halldórssonar á árangri reykvískra nemenda í PISA-könnunum. Fagráðið kallaði til sín fjölda leik- og grunnskólakennara til að afla upplýsinga um hvað þessir hópar telja helstu styrk- og veikleika í vinnu með mál og læsi í skólum borgarinnar, hvar skóinn kreppi helst að og hverju ráðið gæti beitt sér fyrir til að efla mál og læsi leik- og grunnskólabarna í Reykjavík. Einnig sendi ráðið út spurningarkönnun til

deildarstjóra sérfræðiþjónustu skóla á þjónustumiðstöðum borgarinnar í því skyni að afla upplýsinga um markmið og stefnumótun þjónustumiðstöðvanna í málefnum sem tengjast málþroska og læsi, í hverju stuðningur þeirra og ráðgjöf við leik- og grunnskóla felst og hvernig staðið er að greiningum á mál- og lestrarvanda. Samantekt á svörum þeirra, auk erindisbréfs ráðsins, ítarlegri samantekt úr fundargerðum og yfirlit yfir greiningar á meðal barna með annað móðurmál en íslensku fylgja með skýrslunni sem fylgiskjöl.

Hugtakið læsi

Orðið læsi hefur breytilega merkingu allt eftir málnotanda og samhengi hverju sinni. Hugtakið er komið úr latínu og merkir táknetning með bókstöfum. Hin fræðilega notkun hugtaksins er þó mun víðari en það og nær allt í senn til lesturs, ritunar og lesskilnings. Einnig vilja margir fella undir læsishugtakið ýmiskonar þekkingu eða færni sem nauðsynleg er í samfélaginu og felur í sér notkun mun fjölbreyttari miðla en tungumálið. Í því samhengi er til dæmis talað um að vera læs á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru (sjá til dæmis Aðalnámsskrá grunnskóla – almennur hluti, 2011).

Við vinnu fagráðsins var eftirfarandi skilgreining læsi frá IEA (*The International Association for the Evaluation of Educational Achievement*) höfð að leiðarljósi:

Læsi (e. literacy) vísar til hæfninar til að skilja og nota ritmál tungunnar í samræmi við kröfur samfélagsins og/eða óskir einstaklings. Í því felst að ungir lesendur geti tileinkað sér ýmiss konar texta og lagt í hann merkingu. Þeir lesi til að læra, til að taka þátt í samfélagi lesenda í skóla og daglegu lífi og þeir lesi sér til ánægju.

Á leikskólaárunum er lagður mikilvægur grunnur að þroska barna sem undirbýr þau fyrir lestrarnám seinna meir, en oft er hugtakið bernskulæsi (e. emergent literacy) notað yfir þetta ferli. Bernskulæsi felur í sér ákveðna færni, þekkingu og viðhorf sem þróast hjá börnum á leikskólaaldri. Það tekur til skilnings á læsistengdum hugtökum og hefðbundinna læsispáttá, svo sem hljóðkerfisvitundar, bókstafaþekkingar, umskráningar, orðaforða, málskilnings og ritunar (Halldóra Haraldsdóttir, 2012; Lonigan, Burgess & Anthony, 2000).

Tillögur fagráðsins og næstu skref

Fagráðið setur samtals fram fimm tillögur sem hver skiptist í nokkra liði og aðgerðir. Gerð verður nánari grein fyrir hverri og einni hér á eftir. Tillögurnar endurspeglar áherslu á markvissa stefnumörkun og eftirfylgd með framförum í læsi, öflugan stuðning og ráðgjöf við starfsfólk leik- og grunnskóla, snemmtæka íhlutun, samstarf skólastiga og áherslu á markvissa kennslu læsis út allan grunnskólann.

Næstu skref í vinnu ráðsins felast í því að fylgja tillögum og aðgerðum eftir með því að gera drög að tímaáætlun og kostnaði þar sem það er mögulegt, auk þess sem nokkrar tillögur krefjast nánari útfærslu. Það á einkum við um tillögu um stofnun miðstöðvar máls og læsis (sjá tillögu 2.I.), en meðlimir fagráðsins ráðgera kynnisferð til Noregs til þess að skoða

starfsemi slíkrar miðstöðvar. Í lokaskýrslu ráðsins verða einnig lögð fram fylgiskjöl sem gefa leiðbeiningar um verklag við markmiðssetningu og útfærslu leiða við að meta og efla læsi á leik- og grunnskólastigi (sjá nánar tillögu 1).

Tillögur fagráðs um læsi

1. Skýr stefnumörkun og markviss eftirfylgd með árangri í læsi

I. Skýr framtíðarsýn um læsismenntun leik- og grunnskólanemenda

- a. *Markmið um árangur:* Skóla- og frístundasvið setji fram metnaðarfulla framtíðarsýn um læsismenntun á öllum skólastigum með það að megin markmiði að 90% grunnskólanemenda nái lágmarksviðmiðum í lestrarskimun í öðrum bekk (Læsi2) innan 5 ára og öðru hæfnisþrepi í PISA 2018 (sbr. markmið sett fram í Hvítbók og skýrslu SSH).
- b. *Læsisstefna SFS fyrir leikskóla og lestrarstefna SFS fyrir grunnskóla* verði endurskoðaðar með hliðsjón af 90% markmiði og þeim megináherslum sem birtast í tillögum fagráðsins. Stefnurnar endurspegli þannig á skýran hátt tillögur ráðsins sem fela í sér ríka áherslu á snemmtæka íhlutun og markvissa vinnu með grunnþætti bernskulæsis (orðaforða, hljóðkerfisvitund, bókstafaþekkingu, hlustunarskilning, máltjáningu og viðhorf til læsis) markvissa lestrarkennslu í öllum árgöngum grunnskólans, markvissa eftirfylgd með stöðu og framförum leik- og grunnskólabarna í mál og læsi, raunprófaðar aðferðir, öflugan stuðning við nám, þverfaglega teymisvinnu kennara og annarra sérfræðinga innan hvers skóla og á milli skóla, samstarf á milli leik- og grunnskóla og virka þátttöku foreldra.
- c. *Áætlanir leik- og grunnskóla um eflingu máls og læsis:* Samkvæmt tilmælum skóla- og frístundaráðs eiga nú allir leik- og grunnskólar að móta sína áætlun um eflingu máls- og læsis og birta á heimasíðu sinni. Hvað leikskólana varðar hefur verið stigið mikilvægt skref með samþykkt og innleiðingu læsisstefnunnar „Lesið í leik“. Leikskólarnir hafa allflestir skilað inn áætlun um framkvæmd hennar en mjög misjafnt er þó á milli leikskóla hvers konar upplýsingar koma þar fram og hversu nákvæmlega markmið og leiðir í vinnu með mál og læsi eru útfærðar. Fagráðið leggur því til sbr. tillögu 1 hér að ofan að
 - i. Skerpt verði sérstaklega á þeim þáttum í áætlunum leikskólanna sem lúta að læsi í hefðbundnum skilningi þess orðs. Með því er átt við vinnu með alla þætti máls og bernskulæsis.
 - ii. Fagráðið leggur til að hver leik- og grunnskóli móti skýr markmið sem endurspeglar áherslur læsisstefnunnar, útfæri leiðir til þess að ná þessum markmiðum og skilgreini aðferðir til þess að meta hversu vel það hafi tekist.
 - iii. Í lokaskýrslu ráðsins verða lögð fram fylgiskjöl sem lýsa og gefa leiðbeiningar um verklag á ofangreindum sviðum.
 - iv. Að áætlanir leik- og grunnskóla um eflingu máls og læsis verði innkallaðar og metnar skv. viðmiðum sem sett verða út frá aðalnámskrá leik- og grunnskóla, lestrarstefnu og læsisstefnu SFS og tillögum fagráðs um læsi.
- d. *Samræmd hæfniviðmið í læsi*

- i. Verkefnahópur um læsi á vegum mennta- og menningarmála- ráðuneytisins hefur lagt til að Menntamálastofnun verði falið að þróa stöðluð viðmið um árangur í læsi fyrir hvert skólaár grunnskóla fyrir haustið 2017. Fagráðið leggur því til að stöðluð viðmið um læsi í 1.-10. bekk verði innleidd í starf skóla og sett fram í lestrarstefnu grunnskóla þegar þau liggja fyrir af hálfu menntayfirvalda. Þangað til styðjist grunnskólar í Reykjavík við önnur þekkt viðmið.
- ii. Að leikskólar vinni út frá hæfniviðmiðum sem koma fram í stöðluðum matstækjum og öðrum skimunarprófum. Eins og fram kemur í tillögu 3 um snemmtæka íhlutun er lagt til að allir leikskólar leggi prófið HLJÓM2 fyrir á síðasta ári leikskólans og að samhliða því verði gerð könnun á stafabekkingu barna (sjá nánar tillögu 3 um snemmtæka íhlutun). Þess fyrir utan er mælt til þess að skimað verði fyrir málþroskavanda á aldrinum 2-3 ára. Eftirfarandi próf gætu hentað til þess (sjá einnig tillögu 3):
 - Orðaskil (málþroskapróf í formi gátlista)
 - EFI-2 (málþroskaskimun sem ætluð er til notkunar í leikskólum).
 - TRAS (skráning á málþroska nemandans í gegnum leikskólaárin).
 - Íslenski þroskalistinn og Íslenski smábarnalistinn (gátlistar til að kanna almennan þroska barna en einnig málþroska).
- e. *Samstarfsáætlun um mál og læsi*: Skóla- og frístundaráð hefur ákveðið að allir leik- og grunnskólar í sama hverfi setji sér samstarfsáætlun um mál og læsi. Fagráðið leggur til að þessar samstarfsáætlanir komi skýrt fram í læsis- og lestraráætlunum og skólanámskrá leik- og grunnskóla. Auk þess leggur fagráðið til að samstarfsáætlanirnar nái til frístundastarfs þar sem við á líkt og fordæmi eru fyrir í verkefnunum *Okkar mál* í Fellahverfi, *1, 2 og Fellaskóli* og *Samstarf um mál og læsi alla skólagönguna* í Langholtshverfi.
- f. *Ytra mat á skóla- og frístundastarfi*: Lagt er til að áætlanir um eflingu máls og læsis í leik- og grunnskólum verði veigamikill þáttur í ytra mati á skóla- og frístundastarfi.

II. Mat á árangri, ráðgjöf og eftirfylgd

- a. *Markvisst mat á árangri*: Mikilvægt er að fylgst sé á markvissan hátt með framförum grunnskólanemenda í umskráningu, lesfimi og lesskilningi svo hægt sé að aðlaga kennslu að þörfum hvers og eins og grípa inn í um leið og framfarir láta á sér standa. Lagt er til að stuðningskerfið *Leið til Læsis* verði notað í þeim tilgangi, en það samanstendur af skimunarprófi fyrir málþroska- og hljóðkerfisvanda í 1. bekk, auk eftirfylgniþróa sem meta lesfimi og umskráningu í 1. til 4. bekk. Auk þess er lagt til að haldið verði áfram að leggja lesskimunina *Læsi 2* (2. hefti) fyrir nemendur í 2. bekk. Fyrir því eru tvær meginástæður: *Læsi 2* metur færni í lesskilningi (sem eftirfylgniþróa *Leið til Læsis* gera ekki) og með endurtekinni notkun prófsins safnast verðmætar

langtímaupplýsingar um stöðu reykvískra grunnskólanemenda. Einnig er lagt til að valdir undirkaflar (leshraði og lesskilningur) í lestrargreinartækinu *LOGOS* verði lagðir fyrir nemendur á þriggja ára fresti: í 3., 6. og 8. bekk (sbr. verklag í Reykjanesbæ). Miðað verði við að sérkennarar grunnskólanna leggi prófin fyrir, en að þeir geti leitað aðstoðar til kennsluráðgjafa á þjónustumiðstöðvum. Niðurstöðum skimana verði miðlað til skóla- og frístundasviðs sem nýtir þær til umbóta og eftirylgni, sem og kennsluráðgjafa á þjónustumiðstöðvum (sjá tillögu 2.I um hlutverk kennsluráðgjafa).

- b. *Ráðgjöf og eftirfylgd*: Í kjölfar skimana beri kennsluráðgjafar á þjónustumiðstöð ábyrgð á að skipulagðir verði fundir með skólastjórnendum og fagteymum skólanna þar sem farið er yfir niðurstöður prófanna heildrænt, þróun milli ára skoðuð og rætt hvernig nýta megi niðurstöður til úrbóta í kennslu og skólastarfi. Farið verði sérstaklega yfir niðurstöður þeirra nemenda sem lenda í áhættuhópi og ákvörðun tekin um frekari aðstoð.

III. Fagteymi um mál og læsi

Fagráðið leggur til að stofnuð verði fagteymi um mál og læsi í öllum leik- og grunnskólum sem samanstandi af fjölbreyttum hópi starfsfólks með víðtæka þekkingu á því sviði (leik- og grunnskólakennurum, sérkennurum, faggreinakennurum og öðrum sérfræðingum). Fagteymin hafa það megin hlutverk að móta heildstæða áætlun um eflingu máls og læsis þvert á aldur og námsgreinar/námssvið innan hvers skóla eða í samvinnu við aðra skóla. Slíkt fyrirkomulag er í nokkrum skólum á höfuðborgarsvæðinu og þykir gefast mjög vel. Fagteymin verði tengiliðir við þjónustumiðstöðvar og skóla- og frístundasvið.

2. Öflugur stuðningur, ráðgjöf, símenntun og starfsþróun leik- og grunnskólakennara

Í vinnu fagráðsins og samtölum við gesti kom mjög skýrt og ítrekað fram að þörf væri fyrir að bæta stuðning, ráðgjöf og símenntun leik- og grunnskólakennara á sviði máls og læsis.

Fagmennska kennara er grundvallaratriði þegar kemur að því að byggja upp markvisst starf fyrir leik- og grunnskólabörn í borginni. Þetta samræmist algerlega því sem kemur fram hjá fræðimönnum (sjá t.d. European commission/EACEA/Eurydice/Eurostat, 2014; Snow, Griffin og Burns, 2005). Til að svara þessari þörf leggur fagráðið fram eftirfarandi þrjár tillögur:

I. Miðstöð máls og læsis

Ráðið leggur til að sett verði á laggirnar Miðstöð máls og læsis sem vinni sérstaklega að því að byggja upp fagmennsku kennara með ráðgjöf, símenntun og stuðningi við markviss vinnubrögð með mál og læsi leik- og grunnskólabarna. Á öllum fundum með kennurum og öðrum sérfræðingum sem ráðið leitaði til kom fram að marga kennara á leik- og grunnskólastigi skortir þekkingu á markvissum vinnubrögðum með mál og læsi. Þá kom fram

Í könnun ráðsins til þjónustumiðstöðva og nýlegri úttekt á starfsemi sérfræðiþjónustunnar í borginni að flestar þjónustumiðstöðvar sinna aðallega einstaklingsmálum, greiningum, ráðgjöf og stuðningi vegna barna og foreldra, en hafa takmarkað svigrúm til að tryggja kennslufræðilega ráðgjöf og eflingu skóla sem faglegra stofnana sem byggt geti upp þekkingu og fagmennsku kennara í daglegu starfi sínu. Í reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum er lögð áhersla á tvískiptingu sérfræðiþjónustunnar sem á annars vegar að vera til stuðnings við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra og hins vegar til stuðnings við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra. Með því að stofna Miðstöð máls og læsis er verið að koma til móts við ákvæði reglugerðar um markvissari og samræmdari stuðning en nú er veittur í borginni við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra.

Í fyrsta áfanga fyrir 2018 verði hugað sérstaklega að leikskólum og yngsta stigi grunnskóla. Rökin fyrir því eru tvenns konar. Í fyrsta lagi er lagður mikilvægur grunnur að mál og læsi barna á þessum árum sem undirbýr þau fyrir frekara lestrarnám. Með markvissum stuðningi, ráðgjöf og símenntun starfsfólks verði unnið að því að fækka þeim börnum í leik- og grunnskóla sem þurfa á sértækri aðstoð að halda og leitast við að fjölga þeim börnum sem geta lesið sér til gagns. Í öðru lagi er hlutfall fagmenntaðra leikskólakennara og annarra háskólamenntaðra starfsmanna leikskólans ekki nema í kringum 50%. Því er mjög brýnt að leikskólar hafi greiðan aðgang að faglegum stuðningi, ráðgjöf og símenntun. Þessi áhersla kom mjög skýrt í ljós í samtölum ráðsins við starfandi leikskólakennara og sérkennara leikskóla.

Miðstöðin verði starfrækt á vegum skóla- og frístundasviðs en starfi í nánú samstarfi við sérfræðiþjónustu skóla á þjónustumiðstöðvum. Þá verði starfsfólk miðstöðvarinnar í tengslum við ráðgjafateymi mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem fyrirhugað er að komið verði á laggirnar sbr. tillögur verkefnahóps ráðuneytisins um læsi. Með starfsemi af þessu tagi verði tryggt aðgengi allra skóla að ráðgjöf og stuðningi við fagleg vinnubrögð með mál og læsi. Í samtölum við kennara og svörum við könnun á sérfræðiþjónustu skóla sem send var til þjónustumiðstöðva í tengslum við vinnu fagráðsins kom fram að mikið ósamræmi ríkir í þeirri þjónustu eins og hún er uppbyggð í dag.

Hlutverk miðstöðvar máls og læsis verði að:

- a. Styðja leikskólakennara og starfsfólk leikskóla við að byggja upp ríkulegt mál- og læsisumhverfi í öllum leikskólum borgarinnar.
- b. Veita grunnskólakennurum stuðning við að setja upp kennsluáætlanir og beita kennsluháttum sem reynast best við lestrarkennslu í blönduðum nemendahópi.
- c. Standa fyrir námskeiðum og fræðslufundum fyrir starfsfólk og kennara beggja skólastiga um gagnreyndar og gagnlegar aðferðir í vinnu með mál og læsi.
- d. Halda úti heimasíðu (gagnagrunni) með fræðsluefni, kennslumyndböndum og leiðbeiningum um vinnu með mál og læsi.
- e. Auka færni kennara beggja skólastiga við að efla mál- og læsi allra barna með sérstaka áherslu á börn sem ljóst er að þurfa stuðning, án þess að fyrir liggi

greining á málþroskavanda s.s. eins og börn með annað móðurmál en íslensku og börn sem búa við rýrt málumhverfi heima fyrir eða njóta ekki stuðnings foreldra sinna í náminu.

- f. Auka þekkingu og færni kennara beggja skólastiga til að vinna með foreldrum að því að efla mál og læsi á íslensku og fjölbreyttum móðurmálum.
- g. Veita þjálfun nýrra vinnubragða um mál og læsi.
- h. Skapa vettvang fyrir tengslanet kennara sem hittist reglulega til að miðla og afla nýrrar þekkingar.

II. Skipulag og verklag tengt sérfræðiþjónustu skóla verði endurskoðað

Í ljósi niðurstaðna úr spurningakönnun ráðsins til þjónustumiðstöðva og niðurstöðum úr úttekt á sérfræðiþjónustu skóla í Reykjavík leggur ráðið til að endurskoðað verði með hvaða hætti kennsluráðgjöf og sérkennsluráðgjöf nýtist skólum sem best. Eins og staðan er í dag er tenging aðalskrifstofu sviðsins sem stefnumótandi aðila og sérfræðiþjónustunnar ekki með þeim hætti sem ráðið telur fullnægjandi. Skv. reglugerð um sérfræðiþjónustu skóla ætti eftirlit og framkvæmd hennar að vera á höndum fræðslufirvalda sveitarfélagsins en ekki Velferðarsviðs eins og staðan er í dag. Fagráðið leggur því fram tvær tillögur:

- a. Að hlutverk kennsluráðgjafa og sérkennsluráðgjafa á þjónustumiðstöðum verði endurskoðað með það að markmiði að auka möguleika skóla á að nýta stuðning þeirra og ráðgjöf í tengslum við skimanir, eftirfylgd og úrvinnslu þeirra (sjá nánar tillögu 1 og 3).
- b. Að skilgreint verði með beinum hætti að sérfræðiþjónusta skóla tilheyri skóla- og frístundasviði Reykjavíkur en ekki Velferðasviði þannig að kennsluráðgjafar á þjónustumiðstöðum heyri undir aðalskrifstofu SFS og starfi samkvæmt stefnu sviðsins, þó að þeir verði áfram staðsettir á þjónustumiðstöðum.

III. Efla símenntun

- a. Leik- og grunnskólakennurum í borginni verði gert kleift að sækja sér símenntun á sviði máls og læsis bæði með hagnýtum námskeiðum og námi á háskólastigi sem metið er til eininga. Til þess að þetta verði að möguleika verður að vera innbyggður hvati fyrir kennara t.d. í formi launaðra námsleyfa.
- b. Fé til símenntunar verði í auknum mæli varið til að mennta og þjálfa leik- og grunnskólakennara í að fylgjast með málþroska, skima fyrir frávikum og nota gagnreyndar aðferðir til þess að efla málþroska og læsi, lestur og ritun á öllum aldurstigum.

3. Áhersla á snemmtæka íhlutun

Rannsóknir benda til þess að mikill einstaklingsmunur sé á flestum þáttum læsis strax í upphafi lestrarnáms og sé ekkert að gert aukist sá munur frekar en minnki þegar líða tekur á skólagönguna. Það er því til mikils að vinna að bera kennsl á og styðja sérstaklega við þau börn sem þurfa á stuðningi að halda sem fyrst og koma þannig í veg fyrir að þau dragist aftur

úr í málþroska og læsi. Með markvissri vinnu þar sem lögð er áhersla á að efla mál og læsi allra barna strax á leikskólaaldri má einnig jafna tækifæri þeirra til að ná árangri í námi og lífinu öllu. Þrjár megin aðgerðir eru lagðar til með það að markmiði að auka vægi snemmtækrar íhlutunar í leikskólum og fyrstu árum grunnskólans:

I. Að efla faglegt starf á sviði málþroska og læsis í leikskólum

- a. Sérstök áhersla verði lögð á markvissa vinnu með grunnþætti bernskulæsis (orðaforða, hljóðkerfisvitund, bókstafaþekkingu, hlustunarskilning, máltjáningu og viðhorf til lestrar og læsis) eftir fjölbreyttum leiðum í gegnum leik og skipulagt starf. Til þess að ná því markmiði er nauðsynlegt að efla símenntun og ráðgjöf (sbr. tillögu 2), auðvelda aðgengi að raunprófuðum aðferðum (sbr. tillaga 5, lið 6 um gagnagrunn), búa til hvata til símenntunar og starfsþróunar kennara sbr. tillögu 2 og auðvelda leikskólum að nýta námskeið í raunprófuðum aðferðum (eins og t.d. PALS).
- b. Hver leikskóli setji sér skýr markmið um vinnu með bernskulæsi sem byggja á læsisstefnu leikskóla SFS, læsisáætlun hvers leikskóla, aðalnámskrá leikskóla og færniviðmiðum skimunarprófa (sbr. lið II hér að neðan). Leikskólar útfæri leiðir til þess að ná þessum markmiðum og skilgreini aðferðir við að meta hversu vel það hafi tekist. Alla leikskólagönguna verði skráðar framfarir barna í málþroska með fjölbreyttum hætti þar sem hugað verði að því að varpa ljósi á þróun máls og læsis og styrkleika barna. Starfsfólk leikskóla geti leytað ráðgjafar við þessa vinnu til Miðstöðvar máls og læsis.

II. Að tekið verði upp markvisst verklag í tengslum við fyrirlögn og eftirfylgd skimana í öllum leikskólum og á fyrsta ári grunnskóla á sviði máls og læsis.

Leikskólar

- a. Skimunartækið HLJÓM2 er nú notað í nánast öllum leikskólum borgarinnar. Ljóst er að bæta má verklag í kjölfar skimunar á HLJÓM2 bæði hvað varðar vinnu með niðurstöður í leikskólunum sjálfum og hvernig niðurstöðum er miðlað til grunnskóla og þær nýttar þar. Ráðið leggur til að kennsluráðgjafar og sérkennsluráðgjafar á þjónustumiðstöðum beri ábyrgð á að þessum upplýsingum sé miðlað með markvissum hætti á milli skólastiga og veiti ráðgjöf til leikskóla um bætt verklag varðandi eftirfylgni innan leikskólana. Þá mælist ráðið til þess að niðurstöður úr HLJÓM2 verði einnig kynntar leikskólakennurum yngri barna með það að markmiði að upplýsa þá um það hvað felst í vinnu með hljóðkerfisvitund.
- b. Þekking barna á bókstöfum og hefðum ritmáls hafa sterkt forspárgildi fyrir síðari lestrarfærni. Ráðið leggur til að samhliða fyrirlögn á HLJÓM2 verði gerð könnun á stafabekkingu barna og unnið markvisst með ritmál og stafabekkingu út frá þeim niðurstöðum.
- c. Að sett verði í gang markvisst verklag um miðlun upplýsinga frá heilsugæslu til leikskóla vegna málþroskaskimana sem gerðar eru á börnum við 2,5 ára

aldur. Ef grunur vaknar um seinkaðan málþroska fer strax af stað markviss íhlutun í leikskóla.

- d. Ráðið hvetur einnig til þess að leikskólar nýti viðurkennd skimunartæki til að skima fyrir málþroskavanda 3-4 ára barna. Lögð er áhersla á að leikskólar geti sótt ráðgjöf og stuðning um fyrirlögn og túlkun skimana og snemmtæka íhlutun til þjónustumiðstöðva og Miðstöðvar máls og læsis. Til eru nokkur matstæki sem meta málþroska barna á þessu aldursbili og byggja á íslenskum stöðlum. Þar má helst nefna:
 1. Orðaskil (málþroskapróf í formi gátlista)
 2. EFI-2 (málþroskaskimun sem ætluð er til notkunar í leikskólum).
 3. TRAS (skráning á málþroska nemandans í gegnum leikskólaárin).
 4. Íslenski þroskalistinn og Íslenski smábarnalistinn (gátlistar til að kanna almennan þroska barna en einnig málþroska).
- e. Í mati á málþroska og læsi barna með annað móðurmál en íslensku er mikilvægt að taka tillit til þess að börnin eru að læra í gegnum fleiri tungumál en íslensku og veita stuðning í samræmi við það.

Grunnskólar

- a. Að skimunarprófið *Leið til læsis* verði notað til þess að skima fyrir seinkuðum málþroska og hljóðkerfisvanda í fyrsta bekk (skimun fyrir áhættuþáttum fyrir vanda í lesskilningi og umskráningu) sbr. tillögu 1. liður II.
- b. Ráðið telur mjög mikilvægt að leik- og grunnskólum verði veittur stuðningur og ráðgjöf við fyrirlögn, úrvinnslu og eftirfylgd skimana. Að öðrum kosti munu auknar skimanir ekki bera tilætlaðan árangur (sbr. starf í Reykjanesbæ, Hafnarfirði og Árborg).
- c. Í mati á málþroska og læsi barna með móðurmál en íslensku er mikilvægt að taka tillit til þess að börnin eru að læra í gegnum fleiri tungumál en íslensku og veita stuðning í samræmi við það.

III. Virkt samstarf við foreldra

- a. Ráðið mælist til þess að markviss og upplýsandi samræða við foreldra um mál og bernskulæsi verði sett strax inn í verklag ungbarnaverndar heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu.
- b. Boðið verði upp á fræðslu og stuðning við foreldra og komið á framfæri fræðsluefni í formi myndbanda og bæklinga með einföldum leiðum til að vinna með mál og læsi barna sinna frá upphafi. Mögulega er hægt að styðjast við efni sem þegar er til og mjög aðgengilegt foreldrum á [foreldravef Reykjavíkurborgar](#) og á fjölmörgum tungumálum á [upplýsingavef Árósaborgar](#):

- [Málþroski - sameiginleg ábyrgð - upplýsingar fyrir foreldra barna á aldrinum 0-3 ára](#)
- [Málþroski - sameiginleg ábyrgð - upplýsingar fyrir foreldra barna á aldrinum 3-6 ára.](#)
- [Málskilningur - sameiginleg ábyrgð - upplýsingar fyrir foreldra yngstu grunnskólabarnanna.](#)
- [Mál- og lesskilningur - sameiginleg ábyrgð - upplýsingar til foreldra barna á miðstigi.](#)

- c. Við upphaf leikskólagöngu barna verði lögð áhersla á samræðu við foreldra um sameiginlega ábyrgð foreldra og leikskóla um mál og læsi barna. Áhersla verði lögð á þær leiðir sem foreldrar geta farið til að efla málþroska og læsi.
- d. Í þeim tilfellum sem um er að ræða börn með annað móðurmál en íslensku þurfa ofangreindir þættir alltaf að taka mið af virku tvítýngi þar sem foreldrar fá hvatningu og stuðning við að viðhalda og efla móðurmál um leið og barn nær auknum tókum á íslensku.

4. Samstarf skólastiga

Til að samfella myndist í námi barna frá 2-16 ára er mikilvægt að kennarar bæði leik- og grunnskóla starfi saman og miðli upplýsingum milli skólastiga. Ráðið telur að með því að miðla stöðu nemenda og niðurstöðum skimana vegna málþroska og læsis megi bæði bæta skólustarfið og koma betur til móts við þarfir nemenda. Mikilvægt er að komið sé á teymisvinnu sérkennara, kennara og annarra sérfræðinga innan hvers skóla sem einnig vinni með læsisteymum annarra skóla og skólastiga og með því stuðla að samstarfi á milli skóla og á milli leik- og grunnskóla. Samstarf sem þetta er liður í þeirri ákvörðun skóla- og frístundaráðs um að allir leik- og grunnskólar í sama hverfi setji sér samstarfsáætlun um mál og læsi. Einnig er mikilvægt að gera foreldra virka í öllu námi barna þeirra sem kemur að máli og læsi. Til þess að ná fram ofangreindum markmiðum leggur fagráðið fram fjórar megin tillögur:

- a. Að samstarfsáætlanir leik- og grunnskóla komi skýrt fram í læsis og lestraráætlunum og skólanámskrá leik- og grunnskóla. Með því má tryggja markvisst samtal og samráð milli kennara beggja skólastiga um aðferðir í vinnu með mál og læsi.
- b. Að samstarfsáætlanirnar nái til frístundastarfs líkt og fordæmi eru fyrir í verkefnum *Okkar mál í Fellahverfi, 1, 2 og Fellaskóli* og *Samstarf um mál og læsi alla skólagönguna* í Langholtshverfi.
- c. Að upplýsingum um framfarir og stöðu leikskólabarna í málþroska verði miðlað með skipulögðum og markvissum hætti til grunnskóla. Að sama skapi miðli grunnskólinn niðurstöðum Leið til læsis til leikskólans sem nýta má til að bæta skólustarf samkvæmt læsisáætlunum leikskólanna. Einnig verði upplýsingum um starfshætti og áherslur í vinnu bæði leik- og grunnskóla með mál og læsi miðlað á milli líkt og gert hefur verið í Reykjanesbæ. Lögð verði áhersla á samstarf á milli skólastiga um aðferðir í vinnu með mál og læsi barna. Því er mikilvægt að styðja kennara beggja skólastiga við

miðlun upplýsinga og eftirfylgd skimana úr leikskóla yfir í grunnskóla og úr grunnskóla yfir í leikskóla. Á þennan hátt má með markvissum hætti efla þekkingu kennara beggja skólastiga á þeirri vinnu sem fram fer.

- d. Að niðurstöðum skimana sé alltaf skilað til foreldra. Með því má efla þekkingu foreldra á málþroska og læsi og gera þá virkari í námi barna sinna.

5. Markviss lestrarkennsla í öllum árgöngum grunnskólans

- I. Að markviss lestrarkennsla og lestrarþjálfun eigi sér stað í öllum árgöngum upp í 10. bekk.
- II. Að hver skóli setji sér skýr markmið um kennslu og árangur í læsi fyrir hvern aldurshóp sem byggir á niðurstöðum staðlaðra matstækja og út frá þeim áherslum sem tilgreindar eru í tillögu 1 (læsisstefnur). Að þeir útfæri leiðir til þess að ná þessum markmiðum og skilgreini aðferðir til þess að meta hversu vel það hafi tekist.
- III. Markviss eftirfylgd verði með framförum nemenda í umskráningu, lesfimi og lesskilningi í hverjum árgangi út frá fyrirfram skilgreindum viðmiðum (sjá einnig tillögu 1).
- IV. Sérstakar viðbragðsáætlanir verði gerðar fyrir nemendur sem ekki ná settum viðmiðum í lestri.
- V. Að efla færni kennara við að:
 - a. Hanna skilvirkt kennsluumhverfi og velja viðeigandi raunprófaðar aðferðir við kennslu í margbreytilegum nemendahópi í skóla án aðgreininga.
 - b. Útfæra og beita kennsluháttum sem reynast best við lestrarkennslu í blönduðum nemendahópi.
 - c. Nota skimanir, snemmtæka íhlutun, einstaklingsmiðaða kennslu, mat á framförum og eftirfylgd (sbr. RTI, sjá t.d. <http://www.readingrockets.org/article/rti-and-reading-response-intervention-nutshell>) við lestrarkennslu og viðbrögð við lestrarerfiðleikum.
 - d. Efla læsi til náms eftir 4. bekk með áherslu á orðaforða og lesskilning í öllum námsgreinum.
- VI. Að þróaður verði gagnagrunnur um raunprófaðar kennsluáðferðir í samvinnu við sérfræðinga á Menntavísindasviði Háskóla Íslands sem innihaldi upplýsingar, leiðbeiningar og kennslumyndbönd um aðferðir til þess að efla málþroska og læsi barna á leik- og grunnskólaaldri sem studdar hafa verið með rannsóknum. Lagt er til að Miðstöð máls og læsis haldi utan um gagnagrunninn og viðhaldi honum.
- VII. Beita öflugum stuðningi við nám (sérkennslu) til að hraða námsframvindu nemenda með námserfiðleika og gera þeim þannig betur kleift að fylgja jafnöldrum sínum í námi.
- VIII. Að efla ábyrgð skólastjórnenda á framkvæmd læsismenntunar og árangri hennar innan hvers skóla.

Heimildarskrá

Aðalnámsskrá grunnskóla – almennur hluti (2011). Sótt 22. Febrúar 2015 af file:///C:/Users/Notandi/Downloads/adalnskr_grsk_alm_2012.pdf

European Commission/EACEA/Eurydice/Eurostat (2014). *Key Data on Early Childhood Education and Care in Europe. 2014 Edition*. Eurydice and Eurostat Report. Luxembourg: Publications Office of the European Union.

Halldóra Haraldsdóttir (2012). Er samfella í læsiskennslu barna á mótum leik- og grunnskóla? *Netla, vef tímarit um menntun*. Sótt 31. maí 2013 af <http://netla.hi.is/greinar/2012/ryn/018.pdf>.

Snow, C. E., Griffin, P., Burns, S. (2005). Knowledge to Support the Teaching of Reading. *Preparing Teachers for Changing World*. San Fransisco: John Wiley and Sons.

Viðauki 1: Erindisbréf fyrir fagraðið

ERINDISBRÉF

Heiti vinnuhóps: Fagrað um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings meðal barna og ungmenna í skólum Reykjavíkurborgar
Ábyrgðarmaður: Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri SFS
Hlutverk: Að móta tillögur um hvernig megi efla lestrarfærni og lesskilning meðal reykvískra grunnskólanemenda. Að móta tillögur um hvernig megi efla málþroska, hljóðkerfisvitund og læsi barna í leikskólum borgarinnar. Að leggja fram tillögur um hvernig bæta megi upplýsingagjöf og samstarf um málþroska og læsi á mörkum skólastiganna tveggja.
Helstu verkefni: <ul style="list-style-type: none">• Benda á árangursríkar aðferðir í eflingu málþroska og læsis sem studdar eru fræðilegum rökum.• Endurskoða fyrirkomulag varðandi málþroska- og lesskimanir í skólum borgarinnar og leggja fram tillögur til úrbóta.• Leggja áherslu á aðgerðir til að styðja við bakið á þeim nemendum sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda í málþroska og lestrarnámi.
Fulltrúar í stýrihópi: Freyja Birgisdóttir, dósent Dröfn Rafnsdóttir, kennsluráðgjafi Fríða B. Jónsdóttir, verkefnastjóri Guðrún E. Bentsdóttir, verkefnastjóri
Formaður vinnuhóps: Freyja Birgisdóttir, dósent
Starfsmenn:
Ráðgjöf/samstarf: Hópurinn leiti til ýmissa sérfræðinga eftir þörfum.
Starfstímabil: September 2014 – 1. feb. 2015
Skil: Niðurstöðum með tillögur skilað til sviðsstjóra SFS 1. febrúar 2015.

Viðauki 2: Samantekt um vinnu fagráðsins

Á fyrsta fundi fagráðsins sem haldinn var 15. sept. 2014 var farið yfir erindisbréf hópsins, hlutverk hans og verkefni. Fundarmenn reyndu að átta sig á umfangi starfsins og þeim verkefnum sem ráðinu voru falin og hvernig væri best að nálgast þau.

Formaður skóla- og frístundaráðs og sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs mættu á annan fund hópsins til að fara yfir þær væntingar sem til hópsins væru gerðar. Einnig var unnið að verk- og tímaáætlun fyrir fundi og vinnu hópsins. Ákveðið var að safna gögnum fyrir vinnu hópsins á Dropbox-svæði sem ráðskonur hefðu aðgang að.

Dröfn Rafnsdóttir, fulltrúi í ráðinu og þáverandi kennsluráðgjafi í Reykjanesbæ, sagði frá lestrarátakinu í Reykjanesbæ, aðdraganda verkefnisins og verkferlum á þriðja fundi fagráðsins. Áhersla var frá upphafi lögð á snemmtæka íhlutun og bættan námsárangur. Ákvörðun var tekin um sameiginlegt verklag í leik- og grunnskólum sem m.a. byggðust á rannsóknum og gagnvirkni við háskólasamfélagið. Í leikskólunum var frá upphafi lögð áhersla á að vinna með alla þætti máls og læsis. Hver grunnskóli hefur mótað sér læsisstefnu sem er aðgengileg á heimasíðum skólanna. Dröfn lýsti nýbreytni í vinnulagi vegna skimana og prófa í skólum sveitarfélagsins. Niðurstöðum úr Leið til læsis í 1. bekk er skilað til leikskólanna til að upplýsa þá um sterkar og veikar hliðar þeirra barna/hópa sem frá þeim koma. Niðurstöðum úr EFI2 og Hljóm2 er skilað til leikskólakennara og foreldra. Foreldrar grunnskólabarna fá staðlað bréf með upplýsingum um niðurstöður síns barns að loknum skimunum og foreldrar þeirra barna sem eru í áhættuhópum fá boð á fund með umsjónarkennara og sérkennara til að móta áætlun um samstarf foreldra og skóla við að bæta lestrarnámið. Skólar gera *aðgerðaáætlun* út frá niðurstöðum skimananna þar sem fram kemur hverjir þurfa þurfa sérstakan stuðning, hver ber ábyrgð og hvað þarf að gera.

Fjórði fundur var haldinn 23. október. Þá sagði Fríða Bjarney stuttlega frá verkefninu *Okkar mál* og ákveðið var að skoða læsisstefnur leikskóla og lestrarstefnur nokkurra grunnskóla. Fríða Bjarney og Guðrún Edda söfnuðu þessum gögnum saman og settu inn á Dropboxið.

Bryndís Guðmundsdóttir, talmeinafræðingur í Reykjanesbæ, var gestur hópsins á 5. fundi hans 4. nóv. Bryndís sagði frá vinnubrögðum sínum að því að efla málþroska barna á leikskólaaldri, vinnu með börnum, samstarfi við foreldra og kennara. Bryndís hefur unnið mikið með foreldrum af erlendum uppruna og náð góðum árangri við að efla málþroska og orðaforða þessara barna. Hún sagði jafnframt frá efni sem hún hefur samið og gefið út en markmiðið er að undirbúa rétta hljóðmyndun og styrkja undirbúningsfærni fyrir lestur. Efnið er bæði til fyrir tölvur og snjalltæki sem og í bókum og spilum.

Steinunn Torfadóttir, lektor við Menntavísindasvið HÍ, kom á sjötta fund hópsins og kynnti stuðningskerfið *Leið til læsis*. Kerfið byrjar með lesskimun í upphafi 1. bekkjar og er markmiðið að beita snemmtækri íhlutun. Í eftirfyllgniprófum sem lögð eru fyrir tvisvar á ári 1. – 4. bekk er kannaður sjónrænn orðaforði og lesfimi. Í stöðuprófum lestri fyrir 5. – 7. bekk og 8. – 10. bekk er kannaður lesskilningur og orðaforði nemenda. Niðurstöður benda til mjög góðra framfara hjá Áhættuhópi II þeim hópi er þarf mikla kennslu og þjálfun og sértæk úrræði. Margir kennarar hafa góða reynslu af að tvinna kerfið saman við aðrar aðferðir s.s. Byrjendalæsi, PALS o.fl.

Á vinnufundi 27. nóvember voru settar niður spurningar til þjónustumiðstöðva og farið yfir efni sem búið er að kynna.

Hulda Karen Daníelsdóttir, kennsluráðgjafi á Þjónustumiðstöð Miðborgar/Hlíða kom á fund 2. desember og kynnti verkefni sem hún hefur unnið að til að efla lestur og ritun, m.a. hjá

tvítyngdum nemendum. Meðal verkefna eru *PALS*, *K-PALS*, *6 + 1 vídd ritunar* o.fl. Nánari upplýsingar <http://tungumalatorg.is/sisl/>.

Elísabet H. Pálmadóttir og Hrund Logadóttir, verkefnastjórar vegna sérkennslu í leik- og grunnskólum komu á sama fund og sögðu frá hvernig væri staðið að eftirfylgd, ráðgjöf og stuðning við börn sem fengið hafa greiningu á málþroska í leik- og grunnskólum. Sl. 5 ár hafa verið teknar saman tölur um úthlutun stuðnings til leikskólabarna með annað móðurmál en íslensku en þær benda til þess að of hátt hlutfall þessara barna greinast með málþroskafrávik. Hrund upplýsti að flestir grunnskólar kaupa nú þjónustu sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga. Ekki eru sérkennarar með menntun og réttindi starfandi í öllum grunnskólum. Í raun hefur skrifstofa SFS takmarkaðar upplýsingar um hvernig úthlutun til almennrar sérkennslu eða stuðnings í grunnskólum nýtist en upplýsingar er helst að finna í skýrslunni *Framkvæmd sérkennslu í grunnskólum 2011*.

Skúli Helgason kom aftur á fund ráðsins 6. janúar 2015. Freyja kynnti fyrir honum helstu áherslur hópsins og afhenti samantekt á því helsta sem hópurinn hefði gert til þessa. Hópurinn hefur fylgt þeim áherslum sem fram koma í erindisbréfi. Rætt var um miðlun upplýsinga á niðurstöðum skimana milli leik- og grunnskóla o.fl. Skúli óskaði eftir því að hópurinn legði fram tillögur og aðgerðaáætlun um miðjan feb. Einnig tók hann vel í að hópurinn starfaði lengur til að setja fram ítarlegri tillögur um útfærslur á einstökum tillögum. Hann lagði einnig til að hópurinn kynni niðurstöður sínar á fundi eða stuttu málþingi.

Á sama fund komu Ásthildur B. Snorradóttir og Bjarney Sigurðardóttir, talmeinafræðingar hjá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og sögðu frá átaksverkefni um mál og læsi í Hafnarfirði. Ásthildur sem vinnur með leikskólum bæjarins byrjaði á því að heimsækja þá alla til að kynna sér hvernig væri unnið með mál og læsi. Í kjölfarið lagði hún til að tekin væri upp samvinna við heilsugæsluna um að í leikskólum væri sett af stað íhlutun í kjölfar málþroskakönnunar hjá 2 ½ árs börnum. Ásthildur lagði einnig til að mælingar á málþroska í leikskólum væru auknar og tekin upp stöðluð mælitæki til að fylgjast með framförum hjá öllum börnum. Bjarney kemur að áttakinu í grunnskólum og sagði frá slökum árangri hafnfirskra grunnskólabarna í lestri m.a. í samræmdum prófum og PISA. Þegar Leið til læsis var lagt fyrir nemendur í 1. bekk kom í ljós að árangur var slakur í bókstafaþekkingu og hljóðkerfisvitund. Áherslan í stefnumótun hefur verið á grunnþætti lestrar og að kennsla sé löguð að þörfum nemenda með þjálfun lesfimi, lesskilningsaðferða o. fl. Hver skóli hefur mótað eigin læsisstefnu og velur leiðir til útfærslu. Aukið samstarf er við foreldra um lestrarnámið t.d. með því að senda verkefni ásamt leiðbeiningum heim. Sterkar og veikar hliðar hvers skóla hafa verið metnar og ráðgjafar hafa veitt skólum ráðleggingar út frá slíkri greiningu.

Ákveðið var að kalla til rýnihópa leikskólakennara, grunnskólakennara og sérkennara. Spurningar voru sendar til þátttakenda fyrir fram svo að þeir gætu undirbúið sig. Leikskólakennarar og leikskólasérkennarar frá sex leikskólum úr ólíkum borgarhlutum hittu ráðið 13. jan. Allir leikskólarnir vinna mikið með mál og læsi þó áherslur séu að einhverju leyti ólíkar. Áhersla er á að gera ritmál sýnilegt í umhverfi barnanna. Unnið er með ýmis konar tilbúið efni s.s. Sögugrunninn, Leikum og lærum með hljóðin, Orðaspjall o.fl. Að mati þátttakenda er læsisstefna SFS mikill stuðningur við starfið í leikskólunum varðandi læsi og staðfesting á hvernig hægt er að vinna með mál og læsi í gegnum leik. Meðal skimana sem notaðar eru á leikskólunum eru Íslenski smábarnalistinn, Íslenski þroskalistinn, EFI2, TRAS og HLJÓM2. Helstu veikleikana í starfi leikskólanna töldu leikskólakennarar vera m.a. mikla starfsmannaveltu og því erfitt að festa aðferðir í sessi og fá alla til að vinna skv. stefnu skólanna, að nýta betur tækifærin sem bjóðast í daglegu starfi til að efla mál og læsi og að

nýta enn betur þær þjargir sem til staðar eru. Leikskólakennarar töldu að leggja þyrfti áherslu á símenntun starfsmanna, fræðslu, kynningu á þróunarverkefnum og ráðgjöf um hvernig megi efla málþroska og læsi í daglegu starfi. Mikilvægt væri að kynna fjölbreyttar vinnuaðferðir en hengja sig ekki í eina leið.

Fimm kennarar yngri grunnskólanemenda miðluðu til ráðsins af reynslu sinni og þekkingu varðandi mál og læsi. Kennararnir töldu að helstu styrkleikar væru í þeim tilvikum sem skólar hefðu sett sér stefnu og ákvörðun um vinnuaðferðir því þá væru allir að stefna í sömu átt. Áhersla á lestur hefði skilað árangri, þ.e. að lestur og fjölbreytt lestrartengd verkefni væru sett í forgang. Verkefni eins og Byrjendalæsið, PALS o.fl. hefðu stuðlað að hagnýtri endurmenntun kennara á sviði lestrarkennslu. Kennararnir voru sammála um að vel búin skólasöfn styddu við lestrarnám og lestraráhuga barnanna og að samstarf við foreldra um lestrarnámið og –þjálfun væri nauðsynleg. Kennararnir töldu að nemendum með sérþarfir hefði fjölgað og að almennir kennarar hefðu ekki þekkingu til að mæta þörfum þeirra, s.s. nemendum með annað móðurmál en íslensku. Kennararnir óskuðu eftir meiri stuðningi og ráðgjöf vegna nemenda með sérþarfir og meiri sveigjanleika í þeim stuðningi sem nemendur fá í skólanum. Kennararnir töldu mikilvægt að fagráðið stæði fyrir hvatningu til foreldra um þátttöku í lestrarnámi barna sinna, meiri ráðgjöf og fræðslu til kennara um mál og læsi og auknu samstarfi og samtali milli leik- og grunnskóla til að auka samfellu í námi og starfi, t.d. með því að niðurstöðum úr skimunum væri skilað á milli skólastiga og markvissar unnið með þær á báðum skólastigum.

11. fundur fagráðsins var haldinn 20. janúar 2015. Þá komu á fund hópsins fulltrúar frá sveitarfélaginu Árborg; Þorsteinn Hjartarson, fræðslustjóri; Þórdís Ólafsdóttir, kennsluráðgjafi, og Kristín Eiríksdóttir, leikskólastjóri og kynntu læsisátak sveitarfélagsins. Í máli þeirra kom fram að frumkvæðið að læsisátaki leikskóla kom frá leikskólastjórum sem ákváðu að fara af stað með þróunarverkefni með styrk frá Sprotasjóði. Allir stjórnendur í leik- og grunnskólum sóttu námskeið um lærdómssamfélagið, skólann sem lærir. Gerð var breyting á vinnuaðferðum sérfræðiþjónustunnar í þá veru að sálfræðingar, kennsluráðgjafar, talmeinafræðingar, sérkennslufulltrúar og leikskólaráðgjafar sinna meiri skólamiðaðri ráðgjöf, stuðningi og snemmtækri íhlutun í stað ofuráherslu á klínískar greiningar. Töldu starfsmenn Árborgar það hafa skipt sköpum varðandi árangur verkefnisins. Leik- og grunnskólarnir velja sér þær aðferðir sem þeir telja bestar til að vinna með mál og læsi og fara því ólíkar leiðir. Stjórnendur komu sér saman um hvaða skimunartæki eigi að nota sem eru þau sömu og notuð eru í Reykjanesbæ; TRAS í öllum leikskólum, Leið til læsis í 1. – 4. bekk grunnskóla, LOGOS í 3., 6. og 9. bekk.

Á sama fundi kynntu Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir, , Nicole Leigh Mosty, leikskólastjóri í Ösp, og Halldóra B. Gunnlaugsdóttir, leikskólastjóri í Holti verkefnið Okkar mál. Meginmarkmiðið er að auka samstarf skóla í Fellahverfi og stofnana í Breiðholti með það að leiðarljósi að efla félagslegan jöfnuð, námsárangur og vellíðan barna í hverfinu með sérstaka áherslu á mál og læsi. Nánari upplýsingar <http://tungumalatorg.is/okkarmal/>

Fjórir kennarar nemenda í 6. – 10. bekk komu á fund hópsins 27. janúar. Gestir voru sammála því að sameiginleg lestrarstefna í einstökum skólum eða hverfum hefði aukið samfellu í námi og stuðlað að samræmdum áherslum í vinnu með lestur og íslensku. Þeir töldu að viðhorf kennara í eldri árgöngum væri að breytast og að þeir álitu sig í auknum mæli bera ábyrgð á að kenna nemendum lesskilning og orðaforða námsgreina þó svo að enn örlaði á því viðhorfi að lestrarkennsla og –þjálfun væri á ábyrgð íslenskukennaranna. Helstu veikleika í starfinu töldu þeir vera skort á lesefni sem hæfði aldri og áhugasviði eldri nemenda. Auka þyrfti fjölbreytni í

kennsluháttum, t.d. með meiri umræðum um lesefni og fjölbreyttari verkefnum þá væri ritunarkennslu víða ábótavant. Hópurinn lagði til að stofnað væri fagrað um lestur og læsi í hverjum skóla. Auka þyrfti ráðgjöf og stuðning við kennara til að miðla hugmyndum, t.d. með gagnagrunni um áhugaverðar bækur fyrir mið- og unglíngastig. Tengja þyrfti nám og lestur meira við áhugasvið nemenda, kenna gagnrýninn lestur, og markvissa orðaforðakennslu í tengslum við námsgreinar.

Sex sérkennarar úr öllum hverfum borgarinnar voru sammála því að markviss lestrarstefna með kerfisbundnu mati á lestrarfærni og viðbrögðum við niðurstöðum matsins skilaði bestum árangri í lestrarkennslunni. Í flestum skólum færi fram skipulagt mat á lestri en að almennir kennarar væru misvel í stakk búnir til að nýta niðurstöðurnar til hagsbóta fyrir nemendur. Sérkennararnir töldu til bóta að stuðningur við nemendur færðist í auknum mæli inn í bekkina/námshópana. Öll símenntun fyrir almenna kennara á sviði lestrarfræði væri mjög þörf og til bóta. Markviss og hnitmiðuð verkefni hefðu einnig skilað árangri, s.s. PALS og verkefnið *1,2 og Fellaskóli* þar sem nemendur hefðu fengið lengri tíma í íslensku málumhverfi. Mikil þörf væri fyrir ráðgjöf og því hefðu kennarar verið sérstaklega ánægðir með heimsóknir ráðgjafa HA í tengslum við Byrjendalæsið. Kennarar hefðu einnig þörf fyrir leiðsögn, ráðgjöf og stuðning við að lesa úr niðurstöðum skimana og skipuleggja skólastarfið. Hópurinn var sammála um að efla þyrfti orðaforðakennslu á mið- og unglíngastigi og styrkja þyrfti kennara í að kenna lesskilning og orðaforða námsgreina. Þeir bentu á að e.t.v. vantaði gagnagrunn fyrir próf og skimanir, með samræmdum viðmiðum um árangur, leiðbeiningar um fyrirlögn, úrvinnslu og nýtingu niðurstaðna. Einnig þyrfti að hvetja foreldra enn frekar til samstarfs og auka skilning þeirra á mikilvægu hlutverki þeirra við lestrarnám og –þjálfun.

Þann 3. febrúar var farið yfir helstu niðurstöður úr spurningum frá þjónustumiðstöð. Einnig var unnið að drögum að skýrslu hópsins. Þá kynnti Almar M. Halldórsson, sérfræðingur á Námsmatsstofnun, niðurstöður samantektar sinnar á PISA- könnunum frá 2000 – 2009 undir yfirskriftinni: *Hvað einkennir PISA verkefni sem reykvískir nemendur eiga sérstaklega auðvelt með að leysa?* Almar bar niðurstöður reykvískara nemenda saman við íslenska nemendur utan Reykjavíkur og jafnaldra þeirra í öðrum OECD-löndunum. Helstu niðurstöður bentu til að nemendur í Reykjavík eru almennt vel yfir meðaltal OECD og jafnaldra utan Reykjavíkur. Þróun lesskilnings var frekar jákvæð. Engin sérstök einkenni koma áberandi betur út nú en áður. Athygli vakti þó að nemendur í Reykjavík ráða betur við ýmsar gerðir af erfiðum verkefnum en ráða einnig síður við auðveld verkefni en jafnaldrar héraendis og í öðrum OECD löndum.

Viðauki 3: Samantekt úr svörum við spurningum til sérfræðiþjónustu skóla á þjónustumiðstöðum borgarinnar.

Á haustmánuðum 2014 stofnaði skóla- og frístundaráð fagråd um læsi sem hefur það meginmarkmið að skila tillögum til ráðsins um leiðir til að efla málþroska, lestrarfærni og lesskilning meðal barna og ungmenna í skólum Reykjavíkurborgar. Í tengslum við vinnu fagráðsins er óskað eftir upplýsingum um eftirfarandi atriði frá deildarstjórum sérfræðiþjónustu skóla.

Markmið og stefnumótun.

- Hefur þjónustumiðstöðin sett sér ákveðin markmið (stefnu) í tengslum við ráðgjöf og stuðning við leik- og grunnskóla vegna málþroska og læsis?

Þjónustumiðstöðvarnar hafa ekki sett sér sérstök markmið eða stefnu í tengslum við læsi og málþroska, nema þá í tengslum við læsisstefnu leikskóla og lestrarstefna grunnskóla. Þó er markviss ráðgjöf og stuðningur vegna leik- og grunnskólabarna með frávík í málþroska stór hluti af vinnu sérfræðiþjónustu. Einnig kemur fram að þjónustumiðstöðvarnar reyni að mæta þörfum barna af bestu getu og að það sé að mestu gert í einstaklingsmálum.

- Ef svo er:
 - Hver eru þau markmið?
 - Hvar er hægt að nálgast upplýsingar um þau?
 - Hvernig er eftirfylgd með markmiðum háttáð?

Þrjár þjónustumiðstöðvar svara þessum lið. Þjónustumiðstöð Breiðholts segir þó frá því að einstök markmið hafi verið sett fram um snemmtæka íhlutun, skimanir og eflingu málþroska og læsis með fræðslu. Eftirfylgd sé þó óformleg. Vesturgarður segir frá því að sett hafi verið markmið um að efla forvarnarstarf í leikskólum. Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis tiltekur að vinnuhópur sé farinn af stað í til að samræma verklag leik- og grunnskóla til að efla læsi.

- Vinnur þjónustumiðstöðin á grundvelli stefnumótunar SFS um læsisstefnu leikskóla og lestrarstefnu grunnskóla?

Allar þjónustumiðstöðvar telja sig vinna efir stefnu SFS og veiti ráðgjöf samkvæmt henni, ein segir að þeir stefni á að vinna samkvæmt henni.

Stuðningur og ráðgjöf.

- Í hverju felst stuðningur og ráðgjöf þjónustumiðstöðvarinnar við leik- og grunnskóla í tengslum við mál og læsi?
Allar þjónustumiðstöðvar tala um greiningar sálfræðinga og talmeinafræðings á málþroskastöðu barna og stuðningi í kjölfar þeirra. Auk þess að kennsluráðgjafar greini í samvinnu við skóla námsvandann og geri áætlanir. Allir fyrrgreindir aðilar veiti ráðgjöf til foreldra og starfsfólks leik- og grunnskóla. Kennsluráðgjafi í grunnskóla veitir stuðning og ráðgjöf í tengslum við læsi grunnskóla eftir beiðnum frá skólunum.
- Hversu mikil áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun (þ.e. skimun og eftirfylgd með niðurstöðum, ráðgjöf og stuðningur við leik- og grunnskóla í forvarnarskyni) og hvernig er því starfi háttáð ?

Allar þjónustumiðstöðvar telja sig leggja áherslu á snemmtæka íhlutun en þó gætir einhvers misskilnings þar sem talað er um að stytta bið í greiningar hjá sálfræðingi eða talmeinafræðingi. Flestar tala þó um að vinna fari í gang áður en að greiningu kemur. Kennsluráðgjafar virðast vera að mestu leyti í einstaklingsmálum og geta lítið beitt sér varðandi stefnu og ráðgjöf hennar vegna, þeir séu þó hvetjandi og

ráðgjafandi í læsimálum. Leikskólar tala um snemmtæka íhlutun en að eftirfylgdina vanti frá þjónustumiðstöðvum. Enda sé ráðgjöfin ávallt tengd einstaklingsmálum.

- Hversu hátt hlutfall af heildarbeiðnum um ráðgjöf og stuðning lýtur að mál- og læsisvanda barna?
 - Í leikskólum?
 - Í grunnskólum?

Allar þjónustumiðstöðvar tala um að mjög stór hluti tilvísanna sé vegna málþroskavanda, þó meira í leikskólum en grunnskólum.

- Er biðlisti eftir ráðgjöf og stuðningi vegna gruns um málþroska- og læsisvanda?
 - Hversu langur tími að meðaltali líður frá því að tilvísun berst og þar til þjónusta er veitt?

Ekki virðist vera mikil bið eftir aðkomu kennsluráðgjafa en getur verið frá því að vera einni viku til 2-4 mánaða bið eftir aðkomu vegna málþroskavanda.

- Er kennsluráðgjafi með sérfræðipækkingu á málþroska og læsi starfandi á þjónustumiðstöðinni?

Á fjórum af þjónustumiðstöðvunum er starfandi kennsluráðgjafi með sérfræðipækkingu á málþroska og læsi. Á hinum eru starfandi kennsluráðgjafar sem sinna þessum málaflokki.

- Ef svo er:
 - Hvert er starfshlutfall hans?
 - Í hverju felast verkefni hans?

Í fimm af sex þjónustumiðstöðum starfa kennsluráðgjafar með sérþekkingu á málþroska og læsi í 80-200% stöðu og sinna þeir almennri kennsluráðgjöf að beiðni skóla og sérkennsluráðgjöf í einstaklingsmálum.

- Er sérkennsluráðgjafi leikskóla með sérfræðipækkingu á málþroska og læsi starfandi á þjónustumiðstöðinni?
 - Ef svo er:
 - Hvert er starfshlutfall hans?
 - Í hverju felast verkefni hans?

Á tveim þjónustumiðstöðum eru starfandi sérkennsluráðgjafar leikskóla með sérfræðipækkingu á málþroska og læsi en telja að aðrir sérkennsluráðgjafar þeirra hafa þó góða þekkingu á þeim þáttum og reynslu.

- Er talmeinafræðingur starfandi á þjónustumiðstöðinni?
 - Ef svo er:
 - Hvert er starfshlutfall hans?
 - Í hverju felast verkefni hans?

Í Þjónustumiðstöð Breiðholts er talmeinafræðingur í 100% stöðu og í Miðgarði eru 2 1/2 staða. Í öðrum þjónustumiðstöðvum eru ekki starfandi talmeinafræðingar.

- Er kennslu- eða sérkennsluráðgjafi með sérfræðipækkingu á málþroska og læsi barna með annað móðurmál en íslensku starfandi á þjónustumiðstöðinni?
 - Ef svo er:
 - Hvert er starfshlutfall hans?
 - Í hverju felast verkefni hans?

Einungis á einni þjónustumiðstöð er kennslu- eða sérkennsluráðgjafi með sérfræðipækkingu á málþroska og læsi barna með annað móðurmál en íslensku starfandi. Hann er í 100% starfi og sinnir eftirfylgd með greiningum fræðslu og ráðgjöf.

Greiningar v. barna með grun um mál- og læsisvanda.

- Sinnir þjónustumiðstöðin greiningum vegna mál- og læsisvanda barna:
 - Í leikskólum?
 - Í grunnskólum?

Allar þjónustumiðstöðvarnar sinna greiningu á málþroska, ein þeirra er þó með aðkeypta vinnu. Þessar greiningar eru í höndum sálfræðinga eða talmeinafræðinga. Allur gangur virðist þó vera á greiningum á lestrarvanda, í flestum tilvikum frá því að því sé ekki sinnt á þjónustumiðstöðinni í að kennsluráðgjafar sinni því að einhverju leyti. Öll greiningartæki sem meta vitsmuna- og málþroska barna greina mál- og læsisvanda virðast vera til staðar. Þjónustumiðstöðvar hafa ekki haft aðgang að LOGOS

- Ef svo er:
 - Hversu hátt hlutfall af heildarbeiðnum um greiningu lýtur að grun um:
 - Málþroskavanda í leikskólum?

Hlutfallið er frá 25 til 70%

- Málþroskavanda í grunnskólum?

Hlutfallið er í flestum tilvikum um 10% nema á einni þjónustumiðstöð þar sem það er 40%

- Lestrarvanda í grunnskólum?

Tilvísanir koma inn vegna námsvanda og virðist það vera þá til sálfræðinga. Bent er á að flest allar greiningar á lestrarvanda séu gerðar af sérkennurum í grunnskólum.

- Er biðlisti eftir slíkum greiningum?
 - Hversu langur tími líður frá því að tilvísun berst og þar til þjónusta er veitt?

Allir tala um að biðlisti sé langur nema Vesturgerður sem segir að biðtími eftir málþroskamati sé tvær vikur. Biðtíminn virðist vera mislangur, frá því að vera tvær vikur í 3-6 mánuði í það mesta 12-26 mánuði.

- Hverjir sinna þeim?
 - í leikskólum?
 - Í grunnskólum?

Allstaðar er talað um að greiningarnar séu í höndum sálfræðinga og talmeinafræðinga en þó er sagt frá því á einni þjónustumiðstöðinni að sérkennsluráðgjafi sinni greiningum á leikskóla.

- Hvaða greiningartæki eru helst notuð?
 - Í leikskólum?
 - Í grunnskólum?

Öll helstu greiningartæki sem meta málþroska barna sem til eru á landinu og ætluð eru börnum voru upptalin en þó mismunandi eftir þjónustumiðstöðvum.

- Þegar óskað er eftir greiningu á mál- eða læsisvanda barna með annað móðurmál en íslensku:
 - Hvaða bakgrunnsupplýsinga er óskað frá leik- eða grunnskóla og fjölskyldu?
 - Hverjir sinna slíkum greiningum?
 - í leikskólum?
 - Í grunnskólum?

Talað er um í flestum tilvikum að óskað sé eftir sömu upplýsingum og fyrir aðra nemendur. Einhverjir tala þó um að óskarð sé eftir upplýsingnum um hvenær nemandinn hafi komið til landsins, þjóðerni, tungumál og hvort túlk þurfi.

- Hvaða greiningartæki eru helst notuð?
 - Í leikskólum?
 - Í grunnskólum?

Efi2, orðaskil, bullorðapróf Elínar Þallar, annars þau sömu og talað er um að ofan.

Viðauki 4: Börn með annað móðurmál en íslensku

Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á að sá munur sem mælist á málþroska barna í kringum fjögurra ára aldurinn heldur áfram að aukast ef ekki er gripið inn í með viðeigandi aðgerðum strax í leikskóla. Þetta á líklega hvergi betur við en í tilfalli þeirra barna sem koma í leikskólann með slaka forgjöf í málþroska hvort sem það er vegna félagslegrar stöðu, þroska eða uppruna móðurmáls.

Til að mynda hefur verið skoðað sérstaklega hlutfall barna af erlendum uppruna sem greind eru með málþroskafrávik á leikskólaaldri. Þær niðurstöður leiða í ljós að á meðan hlutfall þeirra barna er í kringum 18% af heildarfjölda barna í leikskólum borgarinnar eru börn í þeim hópi sem greind eru með málþroskafrávik allt upp í 51% eins og taflan hér fyrir neðan sýnir.

Fjöldi barna af erlendum uppruna og tegund fötlunar

	2013 Fjöldi BEU	Heildar úthl.	Hlutfall af heild	2012 Fjöldi BEU	Heildar úthl.	Hlutfall af heild	2011 Fjöldi BEU	Heildar úthl.	Hlutfall af heild
Grunur um einhverfu	13	30	43%	9	54	17%	16	82	20%
Einhverfa	37	105	35%	31	107	29%	27	96	28%
Málþroskaröskun	88	172	51%	56	123	46%	68	166	41%
Heyrnarskerðing	5	10	50%	5	11	45%	3	14	21%
Sjónskerðing	0	4	0%	0	4	0%	2	11	18%
Almenn þroskaröskun	19	59	32%	17	61	28%	39	132	30%
Frávik í hreyfing	7	28	25%	6	23	26%	12	53	23%
Félagsaðstæður	4	10	40%	2	5	40%	12	37	32%
Hegðunarröskun,ADHD	17	69	25%	16	69	23%	24	127	19%
Veikindi og annað	8	28	29%	6	36	17%	7	45	15%
Bráðger	0	0	0%	0	1	0%	0	0	0%

Þá sýna niðurstöður málkönnunarprófsins „Milli mála“ fyrir grunnskólanemendur að stór hluti barna með annað móðurmál en íslensku nær ekki viðunandi árangri sama hvort þau eru fædd og uppalin á Íslandi eða hafa flust hingað eftir að máltaka og læsiskennsla hófst.